

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um nýtingarrétt vatnsauðlinda á ríkisjörðum.

Frá Óla Halldórssyni.

1. Hvernig var staðið að afhendingu réttinda til að nýta vatnsauðlind Svartár í Bárðardal á ríkisjörðinni Stóru-Tungu, hverjum var þessi nýtingarréttur veittur og hvaða endurgjald kom fyrir nýtingarréttinn?
2. Er framangreind ráðstöfun stefnumarkandi að því leyti að til standi að færa nýtingarrétt orkuauðlinda á landsvæðum í almannaeigu til einkaaðila með ámóta hætti og vatnsauðlind Svartár í Bárðardal?
3. Telur ráðherra að rétt og löglega hafi verið staðið því að færa nýtingarrétt á vatnsauðlind Svartár í Bárðardal til einkaaðila og að gerningurinn samræmist siðareglum ráðherra?

Skriflegt svar óskast.